



tonihar003

54 Evrópumótið í bridge er hafið. Aðstæður eru góðar, hátt til lofts og vítt til veggja. En þegar kemur að framkvæmd mótsins þá er eitthvað að. Þetta er bara ein hringavitleysa. Fyrst áttum við að eiga yfirsetu á fimmtudag kl 10 Þeir breyttu því og vildu að við ættum yfirsetuna kl 1840 á miðvikudag. Svo voru þeir ekki sáttir við það og færðu hana til kl. 10. Ætli þeir hafi marga á launum við þetta? Það voru ekki allir kátir á fyrirliðafundinum með þetta hringl. Leikjaniðurröðun breyttist mikið hjá sumum liðum, litið hjá öðrum. Algjört klúður.

Miðvikudagur 6.júní

Leikur 1

yfirseta

Eftir allan ruglinginn með niðurröðunina þá var niðurstaðan sú að við byrjuðum á yfirsetunni. Eitt augnablik sátum við á toppnum. 12 stig fyrir yfirsetu meðan aðrir voru bara með með 10 stig. Fljúgandi start.

Eftir finan morgunmat kíktum við á kerfiskort andstæðinga dagsins og eftir barátturæðu fyrirliðans var liðið sent í að tjilla fram yfir hádegi.

Leikur 2

Tékkland

NS Jón-Bessi

AV Alli-Matti

Í impum; 35-31 11,20 stig

Ég hef áður minnst á slemmurnar hjá liðinu. Í þessum leik þurfti að laga 2 spil, bæði í slemmuflokknum.

Spil 18 A/NS

♠ AQT94

♥ AJ4

♦ AT6

♣ AK

♠ J2

♥ Q93

♦ 742

♣ J6432

♠ 765

♥ T865

♦ QJ9

♣ Q85

♠ K83

♥ K72

♦ K853

♣ T97

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
	Jón		Bessi
		Pass	pass
pass	1 ♣	pass	1 ♥
pass	1 ♠	pass	1nt
pass	2 ♣	pass	2 ♠
pass	4 ♠	all pass	

Sterkt lauf og relay, 1h er geimkrafa jöfn hönd. 1s spyr, 1nt er mjög jöfn, 2c spyr og 2s er 3-3 í hálitum. Ef Jón hefði gefið þessu eitt púst til þá hefi hann fengið svarið 3s, 3343 og 3 kontrol. Þá er slemman ágæt, tígullinn 3-3 eða hjarta drottning rétt ef trompið er upp á engan tapslag, eitthvað nálægt 60% Spilið féll í geiminu, þriðjungurinn af salnum náði slemmuni.

Tékkarnir spiluðu vel og gáfu fá færi á sér. Þeir voru ekki óheppnir þegar þeir náðu að stoppa í bót á misfitt hönd með fullt af punktum. Annar Tékkinn kvaldist lengi í sögnum og passaði makker sinn niður í bót og baðst afsökunar þegar hann lagði niður blindan. En það var rétt hjá honum.

Matti og Allí fóru of djúpt í boxið í spili 25

Spil 25 N/AV

♠ Q94
 ♥ T754
 ♦ J8652
 ♣ 9
 ♠ T
 ♥ QJ9
 ♦ KQ4
 ♣ AKJT84
 ♠ KJ765
 ♥ 83
 ♦ A3
 ♣ Q762
 ♠ A832
 ♥ AK62
 ♦ T97
 ♣ 53

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Alli		Matti	
	Pass	1 ♠	
2 ♣		3 ♣	
3 ♦		5 ♣	allir pass

Alli var kominn í slemmuham og þeir fóru upp úr grandgeiminu sem var spilað á hinu borðinu. 12 impar út. Opnunin hjá Matta er heldur létt en spilandi precision þá eru menn stundum djarfir í opnunum.

Leikur 3

Eistland

NS Matti-Alli

AV Ómar-Raggi

Í impum; 56-29 16,26 stig

Eistar hafa verið á svipuðum slóðum og við á stigmatöflunni í undanförunum mótum. Leikirnir við þá hafa verið jafnir baráttuleikir. Eftir tvö væg töp fyrir þeim í síðustu tveim mótum var kominn tími til að rétta þann viðskiptahalla. Matti og Alli áttu fínan leik. Raggi og Ómar, sem var að spila sinn fyrsta leik á Evrópumóti, sýndu takta í þessu spili.



Alli skoðar kerfiskort andstæðinganna til að vera við öllu búinn

Spil 5 N/NS

♠ KQJ64
 ♥ 43
 ♦ 876
 ♣ Q98
 ♠ A9
 ♥ K62
 ♦ Q42
 ♣ AKT75
 ♠ T53
 ♥ AJ85
 ♦ KJT53
 ♣ 4
 ♠ 872
 ♥ QT97
 ♦ A9
 ♣ J632

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Ómar		Raggi	
	Pass	pass	pass
1 ♣	1 ♠	2 ♦	pass
2nt	pass	3 ♥	pass
3 ♠	pass	4 ♣	pass
5 ♦	allir pass		

Eftir þrjú pöss opnar Ómar á sterku laufi. Eistinn meldaði spaðann sinn og Raggi geimkrafði með eðlilegum 2tígulum. 2nt voru eðlileg en eftir 3 hjörtu þá var Ómar ekki viss hvað væri besta geimið því með ásinn annan þá er ekki hægt að dúkka spaðameldarann út úr spilinu. 4 hjörtu gat líka verið besta geimið á 4-3 fittið. Ómar kom því við í 3 spöðum til að lýsa efasemdum um gröndin. Raggi átti ekkert í spaða og ekki extra í rauðu litunum svo hann sagði 4 lauf og Ómar endaði seríuna í 5 tígulum.

Spaða tvisturinn út sagði Ragga að spaðinn væri 5-3 Hann drap og spilaði meiri spaða. Í framhaldinu var spaði trompaður trompi spilað og það tekið. Raggi spilaði suður upp á lengd í bæði laufi og hjarta og hafnaði hjartasvíningunni. Suður var skvís, hann henti hjörtum til að verja laufið og hjarta gosinn var 11 slagurinn. Eina parið í salnum í 5 tígulum og verðskuldað geimsving inn.



Ómar virkar alveg sultuslakur fyrir sinn fyrsta Evrópuleik.

Leikur 4

Sviss

NS Jón-Bessi

AV Ómar-Raggi

Í impum; 45-29 14,18 stig

Þessi leikur var sýndur á bbo, linkinn má finna á bridgebase.

Spil 20 V/ALLIR

♠ 9

♥ Q862

♦ QT964

♣ 764

♠ J72

♥ T973

♦ J832

♣ 53

♠ Q83

♥ 54

♦ AK75

♣ QJT2

♠ AKT654

♥ AKJ

♦ --

♣ AK98

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
	Jón		Bessi
Pass	pass	1nt	dobl
2 ♦ *	pass	pass	dobl
Allir pass			

2♦ eru tígull og Major

1nt í þriðju hönd á hættunni ! Menn eru haldnir einhverri sjálfseyðingarhvöt að spila svona opnanir. En gott hjá Bessa að finna seinna doblið, það var ekki sjálfgefið með 6litinn í spaða. -1100 var sving yfir salinn. Andstæðingar Ragga og Ómars villtust alla leið í 6 spaða, 16 impar.

Það er lítið að marka stöðuna ennþá, bara 4 umferðir búnar af 33 og menn búnir með missterka andstæðinga. Normenn eru að byrja vel og eru kannski sterkari en ég átti von á. Öfugt með Svíana. Annað kemur lítið á óvart.

Það eru blindar uppstillingar, allt gert í gegnum netið. Ég geri ráð fyrir að spila á rúttínu. Þrír leikir á dag, hvert þar spilar tvo leiki og hvílir einn. On nú leggjast allir á eitt að gera sitt besta og það er bannað að vera óheppinn.



Raggi einbeittur

tonihar003, 7.júní 2018

tonihar@simnet.is

Menn voru misbjartsýnir í getrauninni hans Svenna á facebook. Margir fóru þó nálægt skorinu. Mótshaldarar hafa litla trú á okkur, þeir gera ekki ráð fyrir að við verðum í baráttunni og við erum "rankaðir" samkvæmt því.